

Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 4. júní 2020

22. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Héðinsminni og hefst fundur klukkan 19.

Mætt: Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eyþór Einarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og Þorkell Gíslason.

Endurskoðandi mætti klukkan 20.30, ásamt skoðunarmönnum reikninga, Rögnvaldi Ólafssyni og Unni Erlu Sveinbjörnsdóttur.

1. Fjárhagsleg málefni

a. Ársreikningur Akrahrepps 2019 – seinni yfirferð.

Aðalsteinn Þór Sigurðsson endurskoðandi mætir og fer yfir ársreikninginn.

Tekjur:	198.621.064,-
Gjöld:	172.538.221,-
Afskriftir:	6.248.741,-
Rekstrarniðurstaða f. vexti:	19.834.102,-
Fjármunastaða:	1.898.441,-
Rekstrarniðurstaða:	21.732.543,-

Fastafjármunir:	127.675.417,-
Veltufjármunir:	198.719.247,-
Bankainnistæður:	187.931.068,-
Eignir samtals:	294.863.778,-
Skuldir um áramót:	31.530.876,-

Reikningar samþykktir samhljóða.

b. Skýrsla endurskoðanda.

Aðalsteinn Þór Sigurðsson leggur fram skýrslu endurskoðanda fyrir árið 2019.

2. Fundargerðir lagðar fram til kynningar

- Fundargerðir Markaðsstofu Norðurlands 5., 8. og 13. maí 2020.
- Fundargerðir 882., 883. og 884. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Fundargerð 55. fundar stjórnar SSNV, 12. maí 2020.

3. Fjallskilasamþykkt Skagafjarðarsýslu frá 2017

Lagt fram afrit af bréfi til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá Bændasamtökum Íslands, dagsett 18. maí 2020 varðandi umsögn um fjallskilasamþykkt Skagafjarðar.

Hreppsnefnd samþykkir að fela fjallskilastjóra Þorkeli Gíslasyni, að fara yfir athugasemdirnar ásamt fulltrúum landbúnaðarnefndar svf. Skagafjarðar.

4. Sumarstarf 2020 – hnitsetning gönguleiða í Skagafirði.

Tvær umsóknir bárust í sumarstarfið sem Akrahreppur auglýsti í maí varðandi hnitsetningu gönguleiða. Oddvita falið að ganga frá ráðningarsamningi um leið og niðurstaða liggur fyrir.

5. Önnur mál

Hér undir skýrsla oddvita.

Smávirkjanir – kynning og skoðunarferð 11. júní. Sjá auglýsingu.

Vegamál rædd, t.d. viðhald Merkigilsbrúar, Kjálkavegur og heimreiðar.

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 22.30